



Bls.

UPPSETNING VERSLUNARBRÉFA	2
SNIÐMÁT OG STÍLAR	2
ÍSLENSK BRÉF	5
ISL01 ÍSLENSKT BRÉF	5
<i>Sýnishorn af isl01</i>	5
ÓUPPSETT ÍSLENSK BRÉF ERU ISL02 TIL ISL07	6
ISL02 ÍSLENSKT BRÉF	6
ISL03 ÍSLENSKT BRÉF	6
ISL04 ÍSLENSKT BRÉF	6
ISL05 ÍSLENSKT BRÉF	7
<i>Sýnishorn af isl05</i>	8
ISL06 ÍSLENSKT BRÉF	9
<i>Sýnishorn af isl06</i>	10
ISL07 ÍSLENSKT BRÉF	11
KYNNINGARBRÉF MEÐ ATVINNUMSÓKN OG FERILSKRÁ	11
KYNNINGARBRÉF OG FERILSKRÁ ERU Í KENNSLUBÓKINN TÖLVUNOTKUN. MICROSOFT 365. KENNSLUBÓK MEÐ VERKEFNUM. ENSKT OG ÍSLENSKT NOTENDAVIÐMÓT. HAUST 2026. HÖFUNDAR ERU JÓHANNA GEIRSDÓTTIR OG SÓLVEIG FRÍÐRIKSDÓTTIR	11
ERLEND BRÉF	12
ERL01 ERLENT BRÉF	12
ERL02 ERLENT BRÉF	12
ERL03 ERLENT BRÉF	12
ERL04 ERLENT BRÉF	13
ERL05 ERLENT BRÉF	13
ERL06 ERLENT BRÉF	13
ERL07 ERLENT BRÉF	13
<i>Sýnishorn af dönsku bréfi – erl04</i>	14
<i>Sýnishorn af þýsku bréfi – erl05</i>	14
<i>Sýnishorn af frönsku bréfi – erl06</i>	15
<i>Sýnishorn af spænsku bréfi – erl07</i>	15

Uppsetning verslunarbréfa

Sniðmát og stílar

Þegar unnið er með verslunarbréf er hentugt að eiga tilbúið form, sniðmát með stílum, fyrir uppsetningar bréfanna. **Stílar** eru notaðir til að auðvelda útlitsbreytingar á skjölum og samræma útlit þeirra. Stílarirnir vistast með því skjali sem þeir eru búnir til í.

Dagsetningar

Dagsetningar fylgja ákveðnum reglum. Heiti vikudaga og mánaða eru rituð með litlum staf í íslensku. Heiti vikudaga beygjast samkvæmt íslenskri venju og eru rituð með ákveðnum greini þegar það á við. Auk nefnifalls eru heiti vikudaga sýnd í þolfalli, enda er þolfall sjálfgefið fyrir dagsetningu bréfa. Dagsetningar eru birtar í röðinni: Dagur, mánuður, ár og er ártalið ritað með fjórum tölustöfum. Algeng birtingarform eru: mánudagur(inn) 22. ágúst 2026.

Dæmi um mismunandi dagsetningar

	Algengasta form	Einnig leyfilegt
Ísland:	Reykjavík 10. janúar 2026	10. janúar 2026
Bandaríkin:	Washington, January 10, 2026	10 th January 2026
Bretland:	10 th January 2026	January 10, 2026
Danmörk:	København den 10. januar 2026	10. januar 2026
Frakkland:	Paris, le 1 ^{er} janvier 2026	Paris, le 1 janvier 2026
Spánn:	Barcelona, 10 de enero 2026	Barcelona, 10 de enero de 2026
Svíþjóð:	Stokholm, den 10. januar 2026	10. januar 2026
Þýskaland:	Berlin, den 10. Januar 2026	10. Januar 2026

Mánaðaheiti

Ísland mánuður	Bandaríkin/Bretland Month	Bandar./Bretl. Styttingar	Danmörk måned
janúar	January	Jan.	januar
febrúar	February	Feb.	februar
mars	March	Mär.	marts
apríl	April	Apr.	april
maí	May	May	maj
júní	June	June	juni
júlí	July	July	juli
ágúst	August	Aug.	august
setember	September	Sept.	september
október	October	Oct.	oktober
nóvember	November	Nov.	november
desember	December	Dec.	december
Frakkland mois	Spánn mes	Svíþjóð månad	Þýskaland Monat
janvier	enero	januari	Januar
février	febrero	februari	Februar
mars	marzo	mars	März
avril	abril	april	April
mai	mayo	maj	Mai
juin	junio	juni	Juni
juillet	julio	juli	Juli
août	agosto	augusti	August
septembre	setiembre	september	September
octobre	octubre	oktober	Oktober
novembre	noviembre	november	November
décembre	diciembre	december	Dezember

Póstáritanir

Við ritun nafna eru eiginnöfn rituð óstytt en ekki aðeins upphafsstafurinn sem dæmi: Hinrik Atlason. Starfsheiti eru rituð með litlum staf á eftir nafni, t.d. Jónas Jónasson læknir; Hanna Hansdóttir forstjóri. Póstnúmer er ritað á undan heiti pósthöðvar. Heiti pósthöðvar er ritað í þágufalli með hástöfum.

Ísland

Ingibjörg Baldursdóttir
Vesturgötu 255
101 Reykjavík

Bandaríkin*

Ms. G. G. Guttridge
AZ 85022
8769 Lower Boulevard
PHOENIX
USA

Bretland

Borne & Wayne Ltd.
40 South Road
GLOUCESTER, G66 1WT
England

Ávörp og kveðjur

Ef ávarp er í íslensku bréfi er aðeins notað fornafn. Ef ávarp er **ekki** er ýtt tvisvar á **Enter** á eftir viðtakanda, þ.e. gert er ráð fyrir ávarpi og bilið frá viðtakanda að efnislínu eykst (þrjár auðar línur).

Ísland

Ágæti viðtakandi
Virðingarfyllst
Ágætu viðtakendur
Virðingarfyllst
Kæri Páll
Kæra Ása
Virðingarfyllst
Með (bestu) kveðju
Kæri Jón/Ingibjörg
Kærar kveðjur

Bandaríkin

Dear Sir
Very truly yours
Gentlemen
Sincerely yours
Dear Mr. Flint
Dear Ms. Johnson
Very truly yours
Sincerely yours
Dear John/Dear Joan
Sincerely

Bretland

Dear Sir (Madam)
Yours faithfully,
Dear Sirs (Mesdames)
Yours faithfully,
Dear Mr Flint
Dear Ms Johnson
Yours sincerely,
Sincerely,
Dear Paul/Dear Jane
With regards,

Danmörk

Hr./Herrer
Fru/Fruer
Med venlig hilsen

Svíþjóð

Herr/Herrar
Fru/Fruar
Med vänlig hälsning

Þýskaland

Sehr geehrte/r Frau/Herr – Sehr geehrte Frauen/Herren
Mit freundlichen Grüßen – Mit herzlichen Grüßen
Lieber Herr/Frau Robertsson

Frakkland

Mr./Mme
Messieurs/Mesdames

Spánn

Sr./Señores
Sra./Señoras

Í frönskum og spænskum bréfum
er **kveðja** hluti af texta

Í þýskum bréfum kemur
Ávarp á eftir Efnislínu

Kveðja og undirskrift

Virðingarfyllst
f.h. Aðalbankans hf.

Örn Gunnarsson
sölustjóri

Lítill stafur: f.h. (fyrir hönd = tvö orð) og beyging
á heiti fyrirtækis hf. = hlutafélag (eitt orð).

Lítill stafur er í titli:
sölustjóri, forstjóri, framkvæmdastjóri o.s.frv.

Í ensku er hins vegar stór stafur í titli:
John Smith
Manager

Tilvísanir í bréfum vísa í þann sem semur og skrifar undir bréfið og þann sem vélritar það.

Dæmi A

Bréfið er skrifað og undirritað af:
Agli Antoni Magnússyni og
vélritað af *Jóhönnu Geirsdóttur*.

Tilvísunin væri þá:

EAM/JG

Dæmi B

Bréfið er skrifað og undirritað af *Erni Gunnarssyni*
og vélritað af honum sjálfum.

Tilvísunin væri þá:

ÖG/-

* Ef sami viðtakandi væri í Englandi og í USA þá væri það skrifað Ms G G Guttridge (ekki punktár).

Hjálagt

Ef fylgiskjöl eru í bréfinu er ýtt á **Shift** og **Enter** á eftir tilvísun.

ÖG/- ↵

Hjálagt: Bæklingur Ath. hér er stór stafur (Bæklingur)

Tveir aðilar skrifa undir bréf

Kveðja	Virðingarfyllst ↵ f.h. Aðalbankans hf. ¶
Kveðja	Hörður Harðarson ↵ útibússtjóri ¶
Undirskrift	Ragna Jónsdóttir ↵ gjaldkeri ¶¶
Tilvísun	HH/RJ/JG ↵ Hjálagt: Gjaldeyrastafla ¶

Framhaldssiða

Framhaldssiða	Arnar Már Jónsson ↵ 1. september 2026 ↵ 2 ¶
Texti	Texti ... ¶

Í óúppsettu bréfunum hér á eftir er gott að hafa eftirfarandi í huga:

/ Merkir línuskil
Shift+Enter



// Merkir greinaskil
Enter



Íslensk bréf

isl01

Íslenskt bréf

Vistið sem isl01

Sláið inn texta bréfsins og veljið viðeigandi stíla. Ef ekki eru notaðir stílar þá skal hafa eina auða línu á eftir textagreinum, þrjá auðar línur á eftir dagsetningu og á eftir kveðju niður að undirskrift.

Sjá texta bréfsins hér á eftir og uppsett sýnishorn.

Sýnishorn af isl01

Nafn	Ykkar nafn og númer bréfs↵ (isl01) ¶	Í þessu bréfi er ekki ávarp
Dagsetning	Reykjavík 22. ágúst 2026 ¶	
Viðtakandi	Guðrún Ásta Árnadóttir ↵ Litlu-Brekku ↵ 735 Eskifirði¶	
Ávarp	¶	
Efnislína	Starfsumsókn „Upplýsingatækni – 1879“ ¶	
Texti	Við höfum farið yfir þær umsóknir sem bárust vegna ofangreindrar starfsumsóknar. Tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu og því miður varð þín umsókn ekki fyrir valinu. ¶	
Texti	Ég þakka þér fyrir umsókn þína og þann áhuga sem þú hefur sýnt viðkomandi starfi. Ég vil einnig leyfa mér að halda umsókn þinni eftir, ef fram kæmi annað starf sem hentaði þér. Í slíku tilviki er hentugast að geta lagt umsóknina fyrir forráðamenn viðkomandi fyrirtækis án samráðs við þig. Ef þú hins vegar kýst að hafa annan hátt á, þá bið ég þig að hafa samband við mig. ¶	
Kveðja	Með vinsemd og virðingu ↵ f.h. Ráðningarþjónustunnar ehf.¶	
Undirskrift	Bergþóra Kristjánsdóttir ¶	← Setjið ykkar nafn hér
Tilvísun	BK/- ¶	← Ykkar upphafsstafir

Óuppsett íslensk bréf eru isl02 til isl07.

isl02

Íslenskt bréf

Vistið sem isl02

Sláið inn texta bréfsins og veljið viðeigandi stíla.

Í þessu bréfi er **ekki** ávarp

Jóhanna Geirsdóttir, tölvukennari / Fjölbrautaskólanum Breiðholti / Austurbergi 5 / 111 Reykjavík //

Kröfur atvinnurekenda

Sem svar við fyrirspurn þinni um kröfur atvinnurekenda varðandi tölvukunnáttu nemenda úr framhaldsskólum vil ég staðfesta eftirfarandi: // Þær kröfur sem atvinnurekendur gera helstar til væntanlegra starfsmanna er góð, almenn tölvukunnátta, s.s. færni í ritvinnslu og vinna með texta, góð þekking í skjalavistun og skráarvinnslu, góð kunnátta í Excel og í glærugerð (PowerPoint). // Öll hagnýt verkefni sem tilheyra þeirri vinnu er æskilegt að skólinn sé búinn að undirbúa sem best. Hraði skiptir ekki öllu máli en ljóst er þó að leikni í innslætti, vandvirkni og nákvæmni er það sem óskað er eftir. // Hvað varðar aðra þekkingu er góð kunnátta í íslensku ásamt góðri þekkingu í öðrum tungumálum (enska, norðurlandamál, þýska, spænska eða franska), svo og bókhaldskunnátta góður kostur. // Virðingarfyllt / f.h. Ráðningarþjónustunnar hf. // Katrín S. Óladóttir / ráðningarstjóri

isl03

Íslenskt bréf

Vistið sem isl03

Sláið inn texta bréfsins og veljið viðeigandi stíla. Bréfið er undirritað af tveimur aðilum.

Heildverslun Halldóru / Aðalstræti 35 / 101 Reykjavík //

Flutningsgjöld

Sem svar við bréfi yðar frá 16. ágúst sl. viljum við taka fram eftirfarandi: // Gjaldskrá sú sem gilt hefur um flutningsgjöld á vörum milli landa hefur nýlega verið endurskoðuð og samþykkt af öllum skipafélögum hér á landi. Hún hefur einnig verið staðfest af verðlagsyfirvöldum. Aðalbreytingin felst í því að flutningsgjöld ýmissa vara hafa verið hækkuð lítillega en yfirleitt er öllum flutningsgjöldum stillt í hóf til að kaupmenn, og aðrir sem senda vörur milli landa, geti sætt sig við þau. Skipafélögin voru einhuga í samþykkt sinni um að hvika hvergi frá fyrrnefndri gjaldskrá. // Þar af leiðandi sjáum við okkur því miður ekki fært að verða við ósk yðar um lækun á flutningsgjöldum með skipum okkar. // Við vonumst samt sem áður til að annast flutninga á vörum yðar, hér eftir sem hingað til, og munum ávallt leggja áherslu á að viðskiptin verði eins hagkvæm og þægileg fyrir fyrirtæki yðar og mögulegt er. // Virðingarfyllt / f.h. Skipafélagsins Öldunnar ehf. // Haukur Gunnarsson // Jón Pálsson //

Hjálagt: Gjaldskrá

Í þessu bréfi er **ekki** ávarp

isl04

Íslenskt bréf

Vistið sem isl04

Sláið inn texta bréfsins og veljið viðeigandi stíla.

Búið til stílinn **Dálkur** fyrir töfluna í bréfinu, byggði hann á stílum **Normal**. Næsti stíll á eftir er **Kveðja**.**Format – Paragraph:** Spacing After **12 pt** (Snið – Efnisgrein: Millibil: Eftir)**Format – Tabs:** **8,5 cm** Uppfyllimerki/Leiðilína – Vintristilltur dálkur (Left) – Leader ④(Snið – Dálkhök) **9 cm** Vintristilltur dálkur (Left) **11 cm** Hægristilltur dálkur (Right)

Tryggvi Aðalsteinsson / Haukshólum 145 / 111 Reykjavík //

Ágæti hluthafi

Greiðsla arðs af hlutabréfum

Meðfylgjandi er yfirlit yfir arð af hlutafjáreign þinni í fyrirtæki okkar eins og hann var skráður á aðalfundardegi. // Arðurinn er 10% af hlut þínum í fyrirtækinu í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins sem haldinn var 23. ágúst sl. // 10% fjármagnstekjuskattur hefur verið dreginn frá arðgreiðslunni í samræmi við lög nr. 94/1996.

Upphæðin verður lögð inn á bankareikning þinn í Landsbanka Íslands. //

Arður _____ kr. 41.000 /

Fjármagnstekjuskattur _____ kr. 4.100 /

Til greiðslu _____ kr. 36.900 //

Virðingarfyllt / f.h. Flutningsfélagsins ehf. // Hlynur Hermannsson / fjármálastjóri //

Í þessu bréfi er
ávarp

Bréfið fer á tvær blaðsíður og er undirritað af tveimur aðilum.

Arnar Már Jónsson / Æsufelli 70 / 111 Reykjavík //

Ágæti viðskiptavinar

Í þessu bréfi
er ávarp

Tryggingar

Á undanförunum misserum hafa miklar breytingar orðið á íslenskum vátryggingamarkaði. Samkeppnin hefur aukist og með ýmsum hagræðingaraðgerðum hafa tryggingafélögin leitast við að lækka iðgjöld og auka þjónustuna eins og frekast er unnt. // Þrátt fyrir mikla samkeppni hefur rekstur Vátryggingafélagsins AB hf. styrkst mjög á síðustu árum. Frá stofnun félagsins árið 1958 hefur aðaleigandi þess, Vátryggingafélagið MB í Svíþjóð, staðið traustan vörð um hagsmuni viðskiptavina sinna á Íslandi og með samstarfi við SJ-tryggingar hf., sem keyptu 45% eignarhlut í félaginu í lok síðastliðins árs, var grunnur lagður að aukinni þjónustu, umtalsverðri hagræðingu og bættri afkomu. // Árangur samstarfsins hefur ekki látið á sér standa og þrátt fyrir harðnandi samkeppni var síðastliðið ár eitt hið besta í tæplega 40 ára sögu félagsins og skilaði um 27 milljóna króna hagnaði. // Það er mat stjórnenda Vátryggingafélagsins MB, sem á undanförunum árum hefur markvisst dregið úr starfsemi sinni utan Skandinavíu, að við þessar aðstæður sé heppilegt að selja hlut sinn í Vátryggingafélaginu AB hf. Gengið hefur verið frá samkomulagi um að SJ-tryggingar hf. kaupi eignarhlut þess að fullu og verði um leið eini eigandi félagsins. Fyrst um sinn verður starfsemin óbreytt í húsnæði AB að Lækjargötu 60 í Reykjavík, en gert er ráð fyrir flutningi í húsakynni SJ-trygginga þegar félögin verða sameinuð síðar á árinu. // Ekki er gert ráð fyrir að framangreindar breytingar á eignarhaldi hafi í för með sér neina röskun á höfum tryggingataka Vátryggingafélagsins AB hf. Vátryggingastofn AB verður merktur og viðskiptavinir njóta sérkjara sinna með óbreyttum hætti, jafnframt munu starfsmenn AB flytjast til starfa hjá SJ-tryggingum. Engin breyting verður því á þeirri þjónustu sem viðskiptavinir AB hafa á undanförunum árum notið hjá SJ-tryggingum, t.d. vegna tjónaafgreiðslu og innheimtu iðgjalda. // Með breyttu eignarhaldi er grunnur lagður að áframhaldandi úrvalsþjónustu við viðskiptavini okkar. Undirritaðir verða sérstakir fulltrúar viðskiptavina AB hjá SJ-tryggingum og láta í ljós von um áframhaldandi traust og góð samskipti. //

Með kærri kveðju / Vátryggingafélagið AB hf. // Ari Björnsson // Atli Jónsson

Sýnishorn af isl05

03Nafn	Nafn, hópur ↵ isl05-H3¶
Dagsetning	Reykjavík 1. september 2026¶
Viðtakandi	Arnar Már Jónsson ↵ Æsufelli 70 ↵ 111 Reykjavík ¶
Ávarp	Ágæti viðskiptavinur ¶
Efnistína	Tryggingar ¶
Texti	Á undanförnum misserum hafa miklar breytingar orðið á íslenskum váttryggingamarkaði. Samkeppnin hefur aukist og með ýmsum hagræðingaraðgerðum hafa tryggingafélögin leitast við að lækka iðgjöld og auka þjónustuna eins og frekast er unnt. ¶
Texti	Þrátt fyrir mikla samkeppni hefur rekstur Váttryggingafélagsins AB hf. styrkst mjög á síðustu árum. Frá stofnun félagsins árið 1958 hefur aðaleigandi þess, Váttryggingafélagið MB í Svíþjóð, staðið traustan vörð um hagsmuni viðskiptavina sinna á Íslandi og með samstarfi við SJ-tryggingar hf., sem keyptu 45% eignarhlut í félaginu í lok síðastliðins árs, var grunnur lagður að aukinni þjónustu, umtalsverðri hagræðingu og bættri afkomu. ¶
Texti	Árangur samstarfsins hefur ekki látið á sér standa og þrátt fyrir harðnandi samkeppni var síðastliðið ár eitt hið besta í tæplega 40 ára sögu félagsins og skilaði um 27 milljóna króna hagnaði. ¶
Texti	Það er mat stjórnenda Váttryggingafélagsins MB, sem á undanförunum árum hefur markvisst dregið úr starfsemi sinni utan Skandinavíu, að við þessar aðstæður sé heppilegt að selja hlut sinn í Váttryggingafélaginu AB hf. Gengið hefur verið frá samkomulagi um að SJ-tryggingar hf. kaupi eignarhlut þess að fullu og verði um leið eini eigandi félagsins. Fyrst um sinn verður starfsemin óbreytt í húsnæði AB að Lækjargötu 60 í Reykjavík, en gert er ráð fyrir flutningi í húsakynni SJ-trygginga þegar félagin verða sameinuð síðar á árinu. ¶
Texti	Ekki er gert ráð fyrir að framangreindar breytingar á eignarhaldi hafi í för með sér neina röskun á högum tryggingataka Váttryggingafélagsins AB hf. Váttryggingastofn AB verður merktur og viðskiptavinir njóta sérkjara sinna með óbreyttum hætti, jafnframt munu starfsmenn AB flytjast til starfa hjá SJ-tryggingum. Engin breyting verður því á þeirri þjónustu sem viðskiptavinir AB hafa á undanförunum árum notið hjá SJ-tryggingum, t.d. vegna tjónaafgreiðslu og innheimtu iðgjalda. ¶

Framhaldssíða

Framhaldssíða	Arnar Már Jónsson ↵
a	1. september 2026↵ 2 ¶
Texti	Með breyttu eignarhaldi er grunnur lagður að áframhaldandi úrvalspjónustu við viðskiptavinum okkar. Undirritaðir verða sérstakir fulltrúar viðskiptavina AB hjá SJ-tryggingum og láta í ljós von um áframhaldandi traust og góð samskipti. ¶
Kveðja	Með kærri kveðju ↵ Váttryggingafélagið AB hf. ¶
Kveðja	Ari Björnsson ¶
Undirskrift	Atli Jónsson ¶
Tilvísun	AB/AJ/JG ¶

isl06

Íslenskt bréf

Vistið sem isl06

Sjá uppsett sýnishorn á næstu síðu.

1. Setjið eftirfarandi bréf upp á tvær síður.
2. Kallið í stílinn **Framhaldssíða** efst á bls. 2.
3. Búið til tvo nýja stíla fyrir þetta bréf: **Styles – New Style** (Stílsnið – Nýr stíll):

Upptalning**Paragraph** (Efnisgr.)**Paragraph – Tabs**

(Efnisgrein – Dálkhök)

Byggt á: **Normal** (Venjulegur)Næsta grein á eftir (**Style for following paragraph**): **Texti**

Vinstri. Millibil á eftir 12 pt

8 cm punktalína (Leader/Leiðilína 2) og 8,5 cm vinstristilling.

Fyrirsögn**Font** (Leturgerð)**Paragraph** (Efnisgr.)**Paragraph – Tabs**

(Efnisgrein – Dálkhök)

Byggt á: **Normal** (Venjulegur)Næsta grein á eftir (**Style for following paragraph**): **Upptalning**Feitletrun – **Bold** og undirstrikun – Underline style: **Words only** (Aðeins orð).

Vinstri. Millibil á eftir 6 pt

Vinstristilltur dálkur á 8,5 cm.

Í þessu bréfi
er ávarp

Bréfið er sent til: Ástu Guðmundsdóttur / Aðalgötu 115 / 600 Akureyri //

Kæra Ásta

Tilboð

Þú ert í hópi tryggustu áskrifenda Sjóðvarpsrásarinnar sem njóta margvíslegra fríðinda, hagræðis og skemmtunar. Auk þess fá áskrifendur rásarinnar utanlandsferðir á kostakjörum og þeir geta nýtt sér afslátt hjá fjölmörgum fyrirtækjum með því að framvísa Sérkorti Sjóðvarpsrásarinnar eða World for Two svo fátt eitt sé nefnt. // Með þessu bréfi viljum við kynna fyrir þér ævintýraferð „Adventure Cruise“ til Kúbu á mjög hagstæðu verði sem okkur er mikil ánægja að geta boðið upp á. // Flogið verður frá Keflavíkurflugvelli til Lundúna að morgni 25. janúar nk. og þaðan til Havana sama dag. Þar verður gist á fyrsta flokks hóteli í fjórar nætur. Síðan hefst 12 daga ævintýrasigling með farþegaskipi í Karabíska hafinu. Boðið verður upp á margar skoðunarferðir sem tilgreindar eru nánar í meðfylgjandi bæklingi. // Verð er miðað við gistingu í tveggja manna herbergi og er morgunverður innifalinn. Ef gist er í eins manns herbergi hækkar verðið um 20%. //

Hótel**Verð //**

Adventure Hotel..... 235.800 kr. /

Havana Hotel..... 287.500 kr. /

Hilton Hotel..... 325.000 kr. //

Vinsamlegast hafðu samband við Hildi Ósk Guðnadóttur í áskrifendadeild okkar til að fá nánari upplýsingar um ferðina eða sendu okkur tölvupóst. // Fram undan eru spennandi mánuðir hjá okkur. Sjóðvarpsrásin frumsýnir um það bil 40 kvikmyndir á mánuði og býður upp á öfluga, innlenda dagskrárgerð. Íþróttir skipa sinn sess á rásinni og á næstu mánuðum fá áskrifendur einnig að sjá box af bestu gerð. // Nú sækir Fjölvarpið stöðugt í sig veðrið og þar hafa nýlega bæst við stöðvarnar Travel Channel, National Geographic og Hallmark. // Við teljum mikilvægt að þú njótir sem bestra skilyrða

til að ná útsendingum okkar. Það er okkur því ánægja að minna á að sem traustur áskrifandi færð þú tækniþjónustu frá Sjóðvarpsrásinni án endurgjalds. // Virðingarfyllt // Hjalag: Bæklingur

Bréfið er undirritað af ykkur sjálfum fyrir hönd Sjóðvarpsrásarinnar ehf.

Lesið bréfið vel yfir og setjið handvirka orðskiptingu á eða notið hulið bandstrik (**Ctrl++**) til að skipta löngum orðum milli lína.

Sýnishorn af isl06


Hefðbundin uppsetning 3

Framhaldssíða

Nafn	Nafn ↵ isl06¶		Framhaldssíða	Ásta Guðmundsdóttir ↵ a 1. september 2026↵ 2 ¶
Dagsetning	Reykjavík 1. september 2026 ¶		Texti	Við teljum mikilvægt að þú njótir sem bestra skilyrða til að ná útsendingum okkar. Það er okkur því ánægja að minna á að sem traustur áskrifandi færð þú tækniþjónustu frá Sjónvarpsrásinni án endurgjalds. ¶
Viðtakandi	Ásta Guðmundsdóttir ↵ Aðalgötu 115 ↵ 600 Akureyri ¶		Kveðja	Virðingarfyllst ↵ f.h. Sjónvarpsrásarinnar ehf. ¶
Ávarp	Kæra Ásta ¶		Undirskrift	Jóhanna Geirsdóttir ¶ JG/- ↵
Efnislína	Tilboð ¶		Tilvísun	Hjálagt: Bæklingur ¶
Texti	Þú ert í hópi tryggustu áskrifenda Sjónvarpsrásarinnar sem njóta margvíslegra fríðinda, hagræðis og skemmtunar. Auk þess fá áskrifendur rásarinnar utanlandsferðir á kostakjörum og þeir geta nýtt sér afslátt hjá fjölmörgum fyrirtækjum með því að framvísa Sérkorti Sjónvarpsrásarinnar eða World for Two svo fátt eitt sé nefnt. ¶			
Texti	Með þessu bréfi viljum við kynna fyrir þér ævintýraferð „Adventure Cruise“ til Kúbu á mjög hagstæðu verði sem okkur er mikil ánægja að geta boðið upp á. ¶			
Texti	Flogið verður frá Keflavíkurlugvelli til Lundúna 25. janúar nk. og þaðan til Havana sama dag. Þar verður gíst á fyrsta flokks hóteli í fjórar nætur. Síðan hefst 12 daga ævintýrasigling með farþegaskipi í Karabíska hafinu. Boðið verður upp á margar skoðunarferðir sem tilgreindar eru nánar í meðfylgjandi bæklingi. ¶			
Texti	Verð er miðað við gistingu í tveggja manna herbergi og er morgunverður innifalinn. Ef gíst er í eins manns herbergi hækkar verðið um 20%. ¶			
Fyrirsögn	Hótel →	Verð ¶		
Upptalning	Adventure Hotel →	→ 235.800 kr. ↵		
	Havana Hotel →	→ 287.500 kr. ↵		
	Hilton Hotel →	→ 325.000 kr. ¶		
Texti	Vinsamlegast hafðu samband við Hildi Ösk Guðnadóttur í áskrifendadeild okkar til að fá nánari upplýsingar um ferðina eða sendu okkur tölvupóst. ¶			
Texti	Fram undan eru spennandi mánuðir hjá okkur. Sjónvarpsrásin frumsýnir um það bil 40 kvikmyndir á mánuði og býður upp á öfluga, innlenda dagskrárgerð. Íþróttir skipa sinn sess á rásinni og á næstu mánuðum fá áskrifendur einnig að sjá box af bestu gerð. ¶			
Texti	Nú sækir Fjölvarpið stöðugt í sig veðrið og þar hafa nýlega bæst við stöðvarnar Travel Channel, National Geographic og Hallmark. ¶			
	Page Break.....			

1. **Breytið** stílnum **Normal** (Venjulegur) í **10 pt letur** til að bréfið komist á eina blaðsíðu. (Allir stílar nema undirskrift byggjast á **Normal**).
2. Sláið inn texta bréfsins.
3. Setjið inn **töflunet** samkvæmt fyrirmynd.
Athugið að hafa stílinn **Normal** (Venjulegur) valinn þegar taflan er sett inn.
Skrifið inn textann og miðjið töfluna lárétt á síðuna:
Layout – Table – Properties – Table: Center
(Útlit – Tafla – Eiginleikar – Tafla: Miðja).
Setjið útlit á töfluna: **Table Tools – Design Table Styles**
(Verkfæri töflu – Hönnun – Töflustílar).
Veljið snið að eigin vali.
4. Sameinið hólf í línu 1. **Merge Cells** (Sameina hólf).
5. Ljómið töfluna og farið í **Home – Paragraph – Spacing** (Heim – Efnisgrein – Millibil) og hafið **2 pt fyrir ofan og neðan** línurnar í töflunni.
6. Breikkið/mjókkið dálka samkvæmt fyrirmynd.

Í þessu bréfi er
ekki ávarp



Georg Grétarsson / Álfhólsvegi 350 / 200 Kópavogi //

Sjóðsbréf

Ávöxtun Sjóðsbréfa hefur verið með ágætum síðastliðin ár. Hér fyrir neðan sést að verðbréfasjóðir 1 og 2 hafa gefið óvenju háa ávöxtun síðustu tvö árin. Þennan góða árangur þökkum við vönduðum og nákvæmum vinnubrögðum við eignastýringu, lágum rekstrarkostnaði og gengishagnaði vegna lækkandi markaðsvaxta síðustu misseri. //

Verðbréfasjóður		
Raunávöxtun	Sjóður 1	Sjóður 2
Síðastliðna 6 mánuði	12,1%	8,6%
Síðastliðið 1 ár	9,8%	8,3%
Síðastliðin 2 ár	7,5%	7,4%

Veljið millibil fyrir
handvirkt: 12 pt.

Vegna lægri markaðsvaxta kann að vera fram undan tímabil, þar sem ávöxtun af skuldabréfasjóðum verður ekki eins há og undanfarin tvö ár. Því kann að vera heppilegt að líta yfir skiptingu eigna núna, samanber meðfylgjandi töflu um eignaskiptingu sparifjár. // Ef nánari upplýsinga er óskað biðjum við yður vinsamlegast að snúa yður til ráðgjafa okkar. Þeir eru ávallt reiðubúnir að leiðbeina viðskiptavinum okkar. // Virðingarfyllst / Aðalbankinn // Krístrún Jónsdóttir / fulltrúi // Hjálagt: Tafla

Kynningarbréf með atvinnuumsókn og ferilskrá

Kynningarbréf og ferilskrá eru í kennslubókinni **Tölvunotkun. Microsoft 365. Kennslubók með verkefnum. Enskt og íslenskt notendaviðmót. Haust 2026**. Höfundar eru Jóhanna Geirsdóttir og Sólveig Friðriksdóttir.

Erlend bréf

- Athugið að nota erlendar dagsetningar í erlendum bréfum (sjá bls. E-3 og E-4).
- Sýnishorn af erlendum bréfum eru á bls. E-15 og E-16.
- Í enskum bréfum er **alltaf ávarp**.
- **Enc** stendur fyrir **Enclosure** (fylgiskjöl) eða **Enclosed** (hjálagt).

Athugið: Einnig er hægt að velja táknin undir **Insert – Symbol**

£ Alt 0163	Å Alt 0197	ß Alt 0223	– Alt 0150	ç Alt 0231
ä Alt 0228	ø Alt 0248	ô Alt 0244	à Alt 0224	ñ Alt 0241
å Alt 0229	ü Alt 0252	û Alt 0251	è Alt 0232	

erl01

Erlent bréf

Vistið sem erl01

Air Control Company / 1405 Atlantic Avenue / LOS ANGELES, CA 90015 / USA //

Gentlemen:

Air Conditioners

I am enclosing a check for \$185 to cover the contract for service and parts on our five air conditioners for one year. Please send us the policy. // We shall expect your serviceman within the next ten days. Please let us know in advance when he will call. // Yours truly / Bradford & Curtis, Inc. // Edward Curtis // Enc

erl02

Erlent bréf

Vistið sem erl02

Mr Jon Magnusson / Fagrabergi 19 / 220 Hafnarfirði / ICELAND //

Dear Sir

Membership

I am writing to remind you that your membership to the Association is now due for renewal. // Your continued support is vital to us and I very much hope you will decide to renew your membership. // It could not be easier to renew your membership, simply return the enclosed form with your payment in the envelope provided. // Thank you for your continued support. // Yours sincerely // Susan Black / Head of Membership Services // Enc

erl03

Erlent bréf

Vistið sem erl03

Messrs Butler & Holmes / 25 Carlisle Road / MANCHESTER M16 6LH / ENGLAND //

Dear Sirs

Business Trip to Germany

I enclose the return tickets for Mr Butler's flight to Düsseldorf, and onward journey by rail to Hamm. The earliest connecting train to Hamm is: //

Düsseldorf – Hamm. Depart 15:00 – Arrive 18:00 //

These are German times (one hour ahead of GMT). //

Yours faithfully / Anglo American Travel Co. // Rafael Chapman // Enclosures

erl04

Erlent bréf

Vistið sem erl04

Sjá uppsett sýnishorn á bls. E-15.

Gunnar Bjornsson / Grensasvegi 105 / 108 Reykjavík / ISLAND //

Í þessu bréfi er ekki ávarp

Nordisk Forum 3.–10. november í Åbo, Finland

Med henvisning til telefonisk henvendelse har Landsorganisationen hermed fornøjelsen at fremsende 10 stk. programmer for den danske fagbevægelses aktiviteter i forbindelse med forumugen. // Vi har samtidig fornøjelsen at invitere til åbningen af færgen Kronborg, der er beliggende for enden af Östra Strandgatan den 8. november 2024, kl. 14:00 til 15:00. // Endelig skal det bemærkes, at der er sket ændringer i det trykte program, hvorfor vi skal anmode jer om at holde jer orienteret om programændringer. Programændringer og -tilføjelser vil blive offentliggjort på færgen og via løbesedler på centrale steder i forum-området. // Vi glæder os til at møde jer på færgen Kronborg. // Med venlig hilsen / For Landsorganisationen i Danmark // Niels Jensen

erl05

Erlent bréf

Vistið sem erl05-H3

Sjá uppsett sýnishorn á bls. E-15.

Athugið: Ávarp kemur á eftir Efnislínu í þýskum bréfum.

Herr Richard Robertson / Bergstraße 25 / KÖLN / DEUTSCHLAND //

Í þessu bréfi er ávarp

Betrifft: Zulassung zur medizinischen Fakultät

Sehr geehrte Herr Robertson!

Ich möchte an Ihrer Universität Medizin studieren und bitte Sie daher höflichst, mir die nötigen Formulare zuzusenden, mit denen ich mich um die Zulassung zum Studium an Ihrer Universität lesen kann. // Eine internationalen Antwortschein für die Rücksendung sowie einen Briefumschlag mit meiner Adresse lege ich bei. // Hochachtungsvoll // Ykkar undirskrift // Anlagen: 2

erl06

Erlent bréf

Vistið sem erl06

Sjá uppsett sýnishorn á bls. E-16.

Athugið: Í frönskum og spænskum bréfum er kveðja hluti af texta.

Monsieur François Shaw / 1055, avenue du Rhône / 73100 AIX-LES-BAINS / FRANCE //

Monsieur le Directeur

Résiliation de contrat

Í þessu bréfi er ávarp.

Me référant aux dispositions de l'article 12 des conditions générales de mon contrat d'assurance habitation, je vous informe que je désire résilier cette dernière, souscrite auprès de votre compagnie sous le numéro cité ci-dessus, à l'expiration de la période triennale, soit le 16 mars de cette année. //

Je vous prie d'accepter, Monsieur le Directeur, mes salutations distinguées. // Mlle K. Shaw

erl07

Erlent bréf

Vistið sem erl07

Sjá uppsett sýnishorn á bls. E-16.

Señor Jakob Helgason / Tungubakka 120 / 109 Reykjavík / ISLANDIA //

Distinguido señor:

Habitación individual con baño

Í þessu bréfi er ávarp.

Tenemos el gusto de confirmarle que le hemos reservado la habitación que usted nos ha pedido, una individual que da a una calle tranquila. Nos complacerá mucho recibirla a usted el día 16 de noviembre. // Sin embargo, sentimos vernos obligados a comunicarle que no nos es posible aceptar animales. // Sin otro particular, aprovechamos esta oportunidad para saludarle muy atentamente, // Manual G. Pérez / Jefe de Recepción

Sýnishorn af dönsku bréfi – erl04

Nafn	Nafn ↵ erl04¶
Dagsetning	Den 30. september 2026 ¶
Viðtakandi	Gunnar Björnsson ↵ Grensasvegi 105 ↵ 108 Reykjavík ↵ ISLAND ¶
Ávarp	¶
Efnislína	Nordisk Forum 3.–10. november i Åbo, Finland¶
Texti	Med henvisning til telefonisk henvendelse har Landsorganisationen hermed fornøjelsen at fremsende 10 stk. programmer for den danske fagbevægelses aktiviteter i forbindelse med forumugen. ¶
Texti	Vi har samtidig fornøjelsen at invitere til åbningen af færgen Kronborg, der er beliggende for enden af Östra Strandgatan, den 8. november 2024, kl. 14:00 til 15:00. ¶
Texti	Endelig skal det bemærkes, at der er sket ændringer i det trykte program, hvorfor vi skal anmode jer om at holde jer orienteret om programændringer. Program-ændringer og -tilføjelser vil blive offentliggjort på færgen og via løbesedler på centrale steder i forum-området. ¶
Texti	Vi glæder os til at møde jer på færgen Kronborg. ¶
Kveðja	Med venlig hilsen ↵ For Landsorganisationen i Danmark ¶
Undirskrift	Niels Jensen ¶
Tilvísun	NJ/JG

Sýnishorn af þýsku bréfi – erl05

Nafn	Nafn ↵ erl05
Dagsetning	Reykjavík den 1. September 2026 ¶
Viðtakandi	Herr Richard Robertson ↵ Bergstraße 25 ↵ KÖLN ↵ DEUTSCHLAND ¶
Efnislína	Betrifft: Zulassung zur medizinischen Fakultät ¶
Ávarp	Sehr geehrte Herr Robertson! ¶
Texti	Ich möchte an Ihrer Universität Medizin studieren und bitte Sie daher höfflichst, mir die notigen Formulare zusenden, mit denen ich mich um die Zulassung zum Studium an Ihrer Universität lesen kann. ¶
Texti	Eine internationalen Antwortschein für die Rücksendung sowie einen Briefumschlag mit meiner Adresse lege ich bei. ¶
Kveðja	Hochachtungsvoll ¶
Undirskrift	Jóhanna Geirsdóttir ¶
Tilvísun	JG/- ↵ Anlagen: 2 ¶

Sýnishorn af frönsku bréfi – erl06

Nafn	Nafn ↵ erl06 ¶
Dagsetning	Reykjavik, le 1 ^e septembre 2026 ¶
Viðtakandi	Monsieur François Shaw ↵ 1055, avenue du Rhône ↵ 73100 AIX-Les-BAINS ↵ FRANCE ¶
Ávarp	Monsieur le Directeur ¶
Efnislína	Résiliation de contrat ¶
Texti	Me référant aux dispositions de l'article 12 des conditions générales de mon contrat d'assurance habitation, je vous informe que je désire résilier cette dernière, souscrite auprès de votre compagnie sous le numéro cité ci-dessus, à l'expiration de la période triennale, soit le 16 juin de cette année. ¶
Texti	Je vous prie d'accepter, Monsieur le Directeur, mes salutations distinguées.¶
Texti	¶
Undirskrift	Mlle K. Shaw ¶
Tilvísun	KS/JG¶

Sýnishorn af spænsku bréfi – erl07

Nafn	Nafn ↵ erl07¶
Dagsetning	Reykjavik, 10 de setiembre 2026 ¶
Viðtakandi	Señor Hjalti Hauksson ↵ Tungubakka 120 ↵ 109 Reykjavík ↵ ISLANDIA ¶
Ávarp	Distinguido señor: ¶
Efnislína	Habitación individual con baño ¶
Texti	Tenemos el gusto de confirmarle que le hemos reservado la habitación que usted nos ha pedido, una individual que da a una calle tranquila. Nos complacerá mucho recibirla a usted el día 16 de noviembre. ¶
Texti	Sin embargo, sentimos vernos obligados a comunicarle que no nos es posible aceptar animales. ¶
Texti	Sin otro particular, aprovechamos esta oportunidad para saludarle muy atentamente,¶
Texti	¶
Undirskrift	Manual G. Pérez ↵ Jefe de Recepción ¶
Tilvísun	MGP/JG¶